



Fundargerð 12. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom, þriðjudaginn 23. maí kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalsteinn Símonarson (AS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ) og Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fjarverandi: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP) formaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Starfsmaður

BþB hefur staðfest frágang á starfslokum á þeim nótum sem stjórn samþykkti á fundi sínum 9. maí s.l. og gerir ekki kröfur á sambandið um laun í uppsagnarfresti.

Fyrsti valkostur úr hópi umsækjenda um starf hjá sambandinu (JÓ), sem auglýst var í vor, hefur dregið umsókn sína til baka af heilsufarsástæðum. TMP lagði til við fundinn að rætt verði við næsta valkost úr hópi umsækjenda (BJ) um að taka starfið að sér.

Samþykkt að veita formanni og gjaldkera heimild til að komast að samkomulagi við (BJ) á grundvelli starfslýsingar og launa sem áður hafa verið rædd í stjórn.

2. Áhersluatriði fulltrúa stjórnar í keppnisráðum

Á 10. fundi stjórnar var AS falið að gera drög að leiðbeiningum fyrir fulltrúa AKÍS í keppnisráðum. Farið var yfir framlögð drög og þau samþykkt, og TMP falið að deila þeim með viðkomandi aðilum.

Leiðbeiningar fyrir fulltrúa AKÍS í keppnisráðum

- Vera tengiliður stjórnar AKÍS við keppnisráð og halda henni upplýstri um helstu mál sem til umfjöllunar eru.
- Fylgja eftir að:
 - Haldnir séu fundir í ráðinu.
 - Kosinn sé formaður ráðsins,
 - Skráðar séu fundargerðir og þær sendar skrifstofu sambandsins.
 - Ráðið sinni hlutverki sínu og skyldum samkvæmt [Reglugerð um keppnisráð AKÍS](#), svo sem varðandi setningu eða breytingar á reglum, tilnefningar til akstursíþróttafólks ársins.
- Sýna frumkvæði í að virkja starfsemi í ráðinu þegar þurfa þykir.

3. Sérstök dómnefnd

Í samræmi við niðurstöðu í sjöunda máli 10. stjórnarfundar hefur TMP fengið eftirtalda aðila til að sitja í sérstakri dómnefnd vegna skrifa formanns BA á samfélagsmiðlum: Indriði Þorkelsson sem formaður, Jónas Freyr Sigurbjörnsson og Halldór Þormar Halldórsson.



4. Námskeið

Þegar hafa nokkrir skráð sig á fyrirhuguð námskeið fyrir dómnefndarfólk annarsvegar og keppnisstjóra hinsvegar. Myndbandsfyrirlestrar sem námskeiðsefni eru tilbúnir og verður aðgangur að þeim sendur til þátttakenda í kvöld eða á morgun. Líkleg dagsetning fyrir verkefnavinnu og próf er 1. Júní.

Enn er unnið að undirbúningi námskeiðs fyrir öryggisfulltrúa en ekki hefur verið fastsett dagsetning.

5. Formenn dómnefnda

Náðst hefur að manna flestar stöður formanna dómnefnda fyrir tímabilið.

Dæmi eru um að keppnishaldarar auglýsi formenn sem ekki hafa verið tilnefndir af AKÍS eins og Reglugerð um keppnishald kveður á um. TMP hefur séð um að finna formenn dómnefnda og verið í sambandi við keppnishaldara. Þar sem hann er ekki á fundinum mun JBJ kalla eftir stöðu málsins hjá honum á morgun og deila upplýsingum með stjórninni.

HRR fór af fundinum undir þessum lið.

6. Þagnarskylda

Á stjórnarfundi fyrir nokkru var rætt um hvort ekki væri eðlilegt að allir í stjórn og varastjórn skrifuðu undir yfirlýsingu um trúnað varðandi það sem sagt væri og gert á stjórnarfundum, umfram það sem fram kemur í fundargerðum.

SIS útvegaði texta af þeirri yfirlýsingu sem notuð er í hans sveitarfélagi.

Ákveðið að HJ og SIS leggi fram á næsta stjórnarfundi tillögu að sambærilegri yfirlýsingu fyrir stjórn AKÍS.

7. Önnur mál

Mótakerfið - Talsvert hefur komið af kvörtunum til stjórnarfólks vegna vandamála við skráningar í mótakerfið. Málið var rætt og JBJ mun koma athugasemdum á framfæri við TMP sem hefur verið tengiliður við umsjónaraðila kerfisins.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 30. maí kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 21.18